



FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

Fréttir



Tölublað 232

Ágúst 2009

Upphaf haustannar 2009

Verið hjartanlega velkomin í Flensborgarskólann á þessu hausti 2009. Síðan skólanum var breytt, hann stækkaður og endurbættur hefur nemendum fjölgað mikið. Nú í haust eru hér rúmlega 800 nemendur skráðir í skólann, þeir hafa aldrei verið fleiri. Fjöldi kennara og annara starfsmanna er um 90.

Í upphafi skólaárs er rétt að minna á nokkur atriði.

- Hér viljum við að öllum líði vel. Til þess að svo megi vera þurfa allir að hjálpast að. Við sýnum hvert öðru kurteisi, erum jákvæð og tökum verkefnum dagsins með opnum huga og GLEÐI.
- **Umsjónarkennarar.** Hver nemandi hefur sinn umsjónarkennara. Hægt er að leita til hans með þau vandamál sem upp geta komið. Einnig starfa hér tveir námsráðgjafar, en samtöl, bæði við umsjónarkennara og námsráðgjafa eru trúnaðarsamtöl.
- **Umgengnin.** Við viljum snyrtilegan skóla og notalegan vinnustað. Við notum ruslatunnur, tyggjó á ekki heima undir kennsluborðum eða stólum, í ruslið með það.
- **Mætingar.** Til þess að námið gangi vel þarf að mæta í tíma, það er margsannað að bestur árangur næst með því að sinna námi sínu. Mæta í tíma og mæta á réttum tíma.
- Við erum í flottum og góðum skóla og í honum hafa aldrei verið jafnmargir nemendur. Njóttu þess með okkur að vera í skóla sem er í sókn.

Við hlökkum til að vinna með þér.

Flensborg - flottur skóli



Nýjungar í upphafi skólaárs.

Þær breytingar verða nú í haust að nemendur fá ekki lengur stundtöflur afhentar. Inna verður opnuð

miðvikudaginn 19. ágúst. Þar

sækja nemendur stundatöflur sínar. Ef innan er lokuð þá þarf að koma á skrifstofuna 19.—21. ágúst milli kl. 10 og 14 og annað hvort gera upp skuld eða ræða við fjarvistarstjóra.

Íþróttir—nýtt

Bóklegar íþróttir verða ekki lengur kenndar í áföngum íþr101 og íþr111. Nú verður bóklegt bara í 2. árs íþróttafögunum.

Fleiri mjög mikilvæg atriði – breytingar á vali.

Til að losna við langar biðraðir hefur verið ákveðið að nemendur sem vilja breyta áföngum eða segja sig úr áföngum noti netpóstinn. Nánari upplýsingar eru á forsiðu www.flensborg.is. Breytingar eru síðan sendar á netfangið toflubreytingar@flensborg.is, einnig má skila eyðublaði á skrifstofu.

Síðasti dagur til að senda inn breytingar á vali er miðvikudagurinn 26. ágúst. Mánudaginn 31. ágúst kemur í ljós hvort þær breytingar sem óskað var eftir hafa tekist. Mikilvægt þá er að ath. hvort stundataflan hafi breyst.

: -) ENGAR BIÐRAÐIR (- :

Starfsmenn

Í meðfylgjandi skrá eru taldir upp starfsmenn skólans, skammstöfun á nafni þeirra haustönn 2009

AJ	Adda María Jóhannsdóttir	ENS
	Anna Guðrún Magnúsd.	Stuðningsfulltrúi
AGÞ	Anný Gréta Þorgeirsdóttir	NÁT
	Axel Pétur Axelsson	Kerfisstjóri
ÁSB	Árni Sverrir Bjarnason	ÍSL
ÁS	Ása Katrín Hjartardóttir	DAN
	Ásdís Bergþórsdóttir	Þjónustuliði
ÁÓ	Ásrún Óladóttir	LAN, UMS
AK	Ásta K. Pálmadóttir	STÆ, HMN
BH	Baldur Hermannsson	EÐL
BG	Berglind Gunnarsdóttir	Fjölgreinadeild
	Bergljót Gunnlaugsdóttir	Bóksafnsfræðingur
	Birgitta Dröfn Jónasdóttir	Þjónustuliði
BB	Bjarney Bjarnadóttir	ÍÞR, LKN
BJ	Bryndís Jóna Jónsdóttir	Starfsmannastjóri, LOK
BS	Bryndís Símonardóttir	Starfsbraut
DSÓ	Dagrún Steinunn Ólafsdóttir	STÆ
DAB	Danielle Bisch	STÆ
DG	Díana Guðjónsdóttir	ÍÞR, ÍÞF, LSL, AFX
EEH	Elfur Erna Harðardóttir	NÁT
	Elsa Anna Bessadóttir	Bókavörður
ER	Erla Ragnarsdóttir	DAN, SAG, UMS
	Erna G. Árnadóttir	Námsráðgjafi
	Eygló Hjaltadóttir	Fjármálastjóri
EYJ	Eygló Jónsdóttir	ENS, UMS
EJ	Eyrún Ósk Jónsdóttir	TJÁ
FR	Fjóra Rögnvaldsdóttir	MYN
FA	Freyja Auðunsdóttir	ÍSL, UMS
FJ	Friðrik Olgeir Júlíusson	STÆ, HMN
	Friederike Berger	Stuðningsfulltrúi
GHK	Guðbjörg Hildur Kolbeinsd.	FJÖ, IOS
GB	Guðmunda Birgisdóttir	SÁL, UPP
GEH	Guðlaug Emma Hallbjörnsdóttir	SÁL, UPP
GGB	Guðmundur G. Brynjólfss.	ÍÞG, ÍÞF, ÍÞR
	Guðný Kristmundsdóttir	Matselja
GÁG	Guðrún Á. Guðmundsd.	FJÖ, LKN
GHE	Guðrún Hafdís Eiríksdóttir	STÆ, HMN
GJ	Guðrún Jónsdóttir	ENS, HMN
	Guðrún Ósk Barðadóttir	Ræstingarstjóri
	Hafdís Ólafsdóttir	Forstöðumaður mótneytis
HA	Halldór Árni Sveinsson	FJÖ, HLT, MOF, MOM, MTG
HJ	Halldóra Jóhannesdóttir	Áfangastjóri, fjarvistir
	Helga Valtýsdóttir	Námsráðgjafi
	Hildigunnur Guðlaugsdóttir	Fulltrúi á skrifstofu
HE	Hildur Einarsdóttir	EFN, NAT
HJB	Hjördís Bergsdóttir	Starfsbraut

HSI	Hólmfríður Sigþórsdóttir	LKN, LÍF, NAT, UMS
HB	Hrafnhildur Blomsterberg	KÓR
HR	Hrafnhildur R. Jósefsdóttir	Starfsbraut
HTK	Hrafkell Tumi Kolbeinsson	FÉL, LKN, HMN, UMS
HRE	Hrefna Geirsdóttir	Aðstoðarskólameistari
HST	Hrefna Steinarsdóttir	ÍSL
	Hreinn Sæmundsson	Húsvörður
	Jenný Guðmundsdóttir	Matselja
JG	Jóhann Guðjónsson	LÍF, NAT
JB	Jón Barðason	SAG
	Katarine Helene Gross	Starfsbraut
KM	Kristín Magnúsdóttir	FÉL
	Kristín Másdóttir	Stuðningsfulltrúi
	Kristín Snorradóttir	Stuðningsfulltrúi
KRH	Kristján Rafn Heiðarsson	MAT
LH	Lilja Héðinsdóttir	ENS
MG	Magnús Gíslason	TÖL, FÉL
MP	Magnús Þorkelsson	Skólameistari
MB	Margrét Böðvarsdóttir	ÞÝS
	Matthildur K. Friðjónsd	Þjónustuliði
	Ólína Rakel Þorvaldsdóttir	Bókavörður
	Pálfríður Bjarnadóttir	Matselja
RK	Ragnheiður H. Kristjánsdóttir	DAN
SF	Sigríður P. Friðriksdóttir	JAR, Námsferlastjóri
SRB	Sigríður R. Birgisdóttir	Starfsbraut
	Sigrún Jónsdóttir	Þjónustuliði
	Sigrún Karlsdóttir	Fulltrúi á skrifstofu
	Sigrún Pálína Magnúsdóttir	STÆ
SA	Sigurbjörg Anna Guðnadóttir	STÆ
SJ	Sigurður B. Jónsson	ÞÝS
SJJ	Símon Jón Jóhannsson	ÍSL
SNB	Snædís Baldursdóttir	ÍSL
	Stefán Örn Hauksson	Starfsbraut
SV	Stefán Örn Valdimarsson	BÓK, HAG, VIÐ, LKN, UMS
SH	Steinhildur Hildimundard.	BÓK, VIÐ
SBK	Svana Björk Karlsdóttir	Starfsbraut
SP	Sveinn Þórðarson	ÍSL
TS	Tamara Soutourina	ENS
TBS	Thelma Björk Sigurðardóttir	SPÆ, HMN, UMS
TK	Torfi Kristinsson	TÖL
UP	Unnar Örn Þorsteinsson	ENS
VHS	Viðar H. Steingrímsson	DAN
XR	Xavier Rodriguez Gallego	IOS, VMM
TA	Þórunn Andrésdóttir	Starfsbraut

Listi yfir netföng starfsmanna eru á heimasíðu skólans. Á palli fyrir framan kennarastofu eru póstkassar kennara.

Skólareglur Flensborgarskólans

1. Nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga að mæta stundvíslega til starfa.
2. Nemendum og starfsmönnum ber að ganga snyrtilega um húsnæði og lóð skólans og fara vel með húsmuni og tækjabúnað.
3. Öll meðferð og neysla áfengis og annarra vímuvaldandi efna er bönnuð í húsnæði og á lóð skólans.
4. Algjört bann er við reykingum og annarri tóbaksnotkun í húsnæði og á lóð skólans.
5. Neysla matvæla er óheimil í kennslustundum, á bókasafni og í tölvuverum skólans.
6. Nemendum og kennurum ber að skila kennslustofum snyrtilegum í lok kennslustundar.
7. Notkun farsíma er bönnuð í kennslustundum.
8. Nemendum og kennurum ber að sýna hver öðrum kurteisi og tillitssemi.
9. Kennari er verkstjóri í kennslustund. Allir þeir sem tíma sækja eiga að geta notið kennslunnar í friði.
10. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að kynna sér reglur og starfsáætlanir skólans.

Nemendur skulu fylgjast reglulega með tilkynningum á auglýsingaskjám og Námsnetinu. Brot á reglum skólans getur valdið brottvísun.

Efnisgjöld

Þeir sem eru í áföngunum LKN 112/122, MAT og MYN greiða efnisgjald á skrifstofu skólans í upphafi annar.

- LKN 112/122 kr. 2.000
- MAT kr. 6.500 ÍSL373 6.500
- MYN kr. 3.500.

Innifalið í gjaldi fyrir LKN er mappa sem fæst hjá kennara gegn framvísun kvittunar frá skrifstofu

Skiptibókamarkaður

Opnunartími verður auglýstur sérstaklega.

Að hætta í áfanga á önninni

Á töflubreytingartíma fram til **26. ágúst** er hægt að segja sig úr áfanga án þess að greiða endurinnritunargjald. Eftir þann tíma er ekki hægt að segja sig úr áfanga án þess að greiða gjald við upphaf næstu annar. Gjaldið er 500 kr. fyrir hverja námseiningu. Nemandi sem ákveður að hætta í þriggja eininga áfanga þarf því að greiða 1500 kr.

Nemendur sem telja sig þurfa að hætta í áfanga eftir að frestur er útrunninn verða að leita til námsráðgjafa og fá samþykki skólaráðs fyrir úrsögn. Fjarvistir telja þar til úrsögnin hefur verið staðfest af skólaráði. Ekki er hægt að skrópa sig úr áfanga nema eiga brottrekstur úr skóla í vændum.

DRAUPNIR - útgáfustjórn

Á hverjum vetri er mynduð útgáfustjórn Draupnis í samvinnu NFF og skólans. Meðal verkefna er að ritstýra blaðinu, afla auglýsinga, skipuleggja það og taka myndir af nemendum og kennurum í Flensuna sem fylgir með. Blaðinu er síðan dreift til nemenda og víðar.

Ef þú vilt vera með í þessu skemmtilega verkefni þá skaltu hafa samband við Magnús Skólameistara beint eða í netfangið maggi@flensborg.is. Verkefnið er metið sem áfangi og stendur í allan vetur.

Fartölvur/lykilorð/skápar

Hægt er að vera með fartölvur og tengjast þráðlausu neti í skólanum. Það gildir um þá sem eru með notendanöfn á neti skólans. Reglur gilda um fartölvur í kennslustundum og kennara er heimilt að krefjast þess að þær séu settar niður.

Nánast allir geta fengið aðgang að skápum. Þar er hægt m.a. að geyma skó. Þetta verður auglýst nánar á skjá skólans og Námsnetinu.

Ef endurnýja þarf lykilorð að skólanetinu, Námsnetinu og INNU þá má snúa sér til skrifstofunnar. Hægt er að senda tölvupóst en þá eingöngu úr netföngum skólans (nff.is). Ekki eru send lykilorð á netföng s.s. Hotmail, gmail, visir.is o.s.frv.



Help!

Breytingar á starfsliði skólans

Einar Birgir Steinþórsson, sem verið hefur Skólameistari undanfarin ár er kominn í ársleyfi. Magnús Þorkelsson mun leysa hann af í vetur. Hrefna Geirsdóttir mun þá leysa Magnús af og sinnir því störfum Aðstoðarskólameistara og Halldóra Jóhannesdóttir mun síðan leysa Hrefnu af sem Áfangastjóri. Hún er einnig fjarvistastjóri. Nokkrir kennarar munu snúa aftur nú í vetur eftir ársleyfi en það eru þau Anný Gréta Þorsteinsdóttir, Torfi Kristinsson, Guðný Árnadóttir, Lilja Héðinsdóttir, Erla S. Ragnarsdóttir og Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir. Nýir starfsmenn eru þau Bjarney Bjarnadóttir, Erna G. Árnadóttir, Elfur Erna Harðardóttir og Sigrún Pálína Magnúsdóttir, þeir sem hætta eru Kári Árnason, Sigurbjörg Eðvarðsdóttir og Birgir Loftsson. Við bjóðum nýtt fólk velkomið til starfa og hlökkum til að vinna með því. Þeim sem kveðja okkur þökkum við fyrir samvinnuna.

Útskriftarnemar

Námsferilsstjóri verður í jarðfræðistofu fyrir útskriftarefni dagana 20. ágúst kl. 11:00 – 14:00 og 21. ágúst kl. 10:00 – 12:00.

Við gerum kröfu um ferskt loft!

Það er bannað að reykja á lóð skólans.

Líka inni í bíl á bílastæðinu.

Hættu að reykja!

Ef þú þarft að kveikja þér í nagla þá ferðu í vikið norðan við bílastæðið.

Dreptu samt frekar í!

Inniskór verða útiskór ef þú ferð á þeim út!
Allir í inniskóm...það er líka svo þægilegt!!

Skólasókn—lestu þetta vel!

Hnykkjum á nokkrum góðum reglum:

Veikindi þarf að tilkynna daglega.

Þegar veikindum lýkur kemur forráðamaður þinn með vottorð á skrifstofu skólans.

Veikindi eru aðeins skráð í innu fyrir þá daga sem tilkynntir hafa verið.

Undanþágur á vottorðaskilum:

Þeir nemendur sem orðnir eru 21 árs, eiga börn eða eru með langtímavottorð geta sótt um undanþágu frá skólasóknarreglum. Þetta þarf að gera í upphafi annar hjá fjarvistastjóra.

Í kennsluáætlunum einstakra áfanga koma fram ákvæði um lágmarksmætingu og verkefnaskil, þrátt fyrir að vera á undanþágu á vottorðaskilum þarf að sinna námi sínu skv. þeim reglum sem hver kennari setur.

Á vef skólans eru reglur um meðferð vottorða. Þér ber að kynna þér þær. Sjá www.flensborg.is/Skolinn/Reglur/Skolasokn/

Það er nóg af bílastæðum.

Vöndum okkur við að leggja og virðum reglur.

Algjörlega er bannað að leggja á göngustíga og þannig að þjónustubílar komist ekki að inngöngum.





**FRESTUR TIL AÐ SÆKJA UM
P-NÁM RENNUR ÚT
26. ágúst**

**Niðurstaðan verður birt 3. september.
P-nemendur skulu hafa samband við fagstjóra/
kennara fyrir 10. september til að ganga frá samn-
ingi annars dettur heimild um P-nám niður.**

**Heildarfjöldi nemenda sem getur fengið P-nám
er takmarkaður.**

Reglur um P-nám

I. Skilyrði fyrir P-námi

- 1 Nemandi sem fær 9 eða hærra í námsgrein getur fengið að taka næsta áfanga í sömu grein sem P-áfanga.
- 2 Nemandi sem við síðasta annarpróf hefur fengið 9 eða hærra í a.m.k. 6 einingum (að frádregnum einingum sem einkunn var 4 eða lægri í) getur fengið að stunda P-nám í öðrum áföngum en um getur í 1. grein.
- 3 Nemandi sem hyggst ljúka námi á næstu tveimur önnum og vantar fáar einingar til að geta það með eðlilegu töfluálagi getur fengið að stunda P-nám án tillits til einkunnar, enda hafi hann staðist a.m.k. 15 einingar eða 5 áfanga næstu önn á undan.

II. Takmarkanir á P-námi

- 4 Enginn nemandi getur þó fengið að taka P-áfanga nema hann sé með a.m.k. 33 kennslustundir í töflu. Undantekningar frá þessu skulu því aðeins gerðar að um sé að ræða töfluárekstur milli tveggja áfanga sem hvorugum megi fresta vegna námsloka nemandans.
- 5 Ekki er heimilt að vera með nema einn P-áfanga samtímis í sömu námsgrein.
- 6 Aldrei skulu P-áfangar samtímis nema meira en 6 einingum, nema á síðustu önn nemandans. Þá má bæta við einum áfanga.

7 Heildarfjöldi nemenda í P-nám er takmarkaður.

III. Framkvæmd á P-námi.

- 8 P-nemendur skulu hafa samband við fagstjóra/kennara **fyrir 10. sept.**
- 9 Í kennsluáætlunum er skilgreint hvaða verkefnum P-nemendur eiga að skila og jafnframt hvort um viðbótarverkefni er að ræða eða ítarlegra próf í annarlok. **P-nemendur hafa ekki rétt á að sækja kennslustundir í áfanganum.**

**Hraðtafla
Mánudaginn 24. ágúst**

Tími í dag: Tími vanalega: Stokkur:
09.05-09.25 Mánudagur kl. 8.05 A
09.35-09.55 Mánudagur kl. 9.10 B
10.05-10.25 Mánudagur kl. 10.30 C
10.35-10.55 Mánudagur kl. 11.35 D
11.05-11.25 Mánudagur kl. 13.10 E
11.35-11.55 Mánudagur kl. 14.15 F
12.05-12.25 Mánudagur kl. 15.20 G
12.35-12.55 Þriðjudagur kl. 11.35 H
13:10-13:30 Tímar utan töflu (ísl373, ens883, fjö181, lei102, jar203)

Stokkataflan

fyrir neðan er birtur sá rammi sem stundaskráin er gerð eftir og kallast stokkatafla.



Tíminn	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös
8:05 - 9:05	A	Fundur	G	A	B
9:10 - 10:10	B	G	F	B	C
10:30 - 11:30	C	E	H	C	H
11:35 - 12:35	D	H	D	D	E
13:10 - 14:10	E	D	C	H	F
14:15 - 15:15	F	B	A	E	G
15:20 - 16:20	G	A	Umsj.- tími	F	

KÓR FLENSBORGARSKÓLANS

Kór skólans er einn besti og stærsti framhaldsskólakór landsins en í honum eru að jafnaði um 70 nemendur. Kórinn hefur ferðast víða um heim og tekið þátt í fjölmörgum mótum og keppnum. Innan kórsins fer fram mikil og metnaðarfull vinna sem skilar sér í glæstum árangri. Nú er tækifæri fyrir nýja meðlimi að bætast í hópinn. Skráning í kórinn fer fram föstudaginn 21. ágúst og mánudaginn 24. ágúst kl. 10:00-12:30 fyrir framan stofu H 101. Vertu með frá byrjun—það er of gaman til að sleppa því!



Mötuneyti

Í mötuneyti skólans verður í boði heitur matur, salat, ávaxtabakkar, skyr „boost“, jógúrt, spónamatur, langlokur og samlokur.

Mötuneytið verður lokað milli 10.30 og 10.50 og aftur milli kl. 13.30 og 13.45. Ekki verður heimilt að bera burtu borðbúnað og gengið verður eftir því að fólk gangi frá eftir sig á borðunum. Við verðum að muna að við erum í nýju og glæsilegu húsnæði og því þarf að sýna virðingu. Umgengisreglur verða birtar og þeim verður framfylgt.

Hafdís Ólafsdóttir, matráðskona stjórnar mötuneytinu og með henni þær Guðný Kristmundsdóttir, Jenný Guðmundsdóttir og Pálfríður Bjarnadóttir.

Sýnum tillitssemi!

Flensburg er skóli fyrir alla—alla sem vilja stunda nám. Engu skiptir hvort þeir eru sjáandi eða blindir, hvort þeir ganga, fara um með aðstoð göngugrindar eða í hjólastól. En til að þetta gangi upp þarft þú að:

- ♥ Setja skóna þína í skóhillurnar
- ♥ Láta ekki töskuna þína liggja í gangveginum
- ♥ Vera hægra megin í stigum hvort sem farið er upp eða niður
- ♥ Vera tilbúin/n að aðstoða ef skólafélagi þinn lendir í vandræðum
- ♥ Tala af kurteisi til annarra og um aðra

Nemendafélagið heitir NFF

Vertu með frá byrjun!